

Dags. 22.09.21

Efni: Ósk um styrk vegna Landsmóts hestamanna sem haldið verður á Rangárbökkum 4.-10. júlí 2022.

Rangárbakkar ehf kt. 691200-2130 óska hér með eftir styrk frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi vegna undirbúningsvinnu fyrir Landsmót hestamanna sem haldið verður á Rangárbökkum við Hellsu dagana 4.-10. júlí 2022.

Landsmót hestamanna eru haldin á tveggja ára fresti og eru einn stærsti viðburður sem haldinn er á Íslandi. Vonast er til að um 8.000 manns muni sækja viðburðinn. Fjöldi keppenda er um 700 víðsvegar af landinu.

Landsmót eru lyftistöng fyrir atvinnulífið á þeim svæðum þar sem þau eru haldin ekki bara í hestamenskunni heldur einnig fyrir verslun og ferðatengda þjónustu. Það eru Rangárbakkar ehf sem standa að mótinu en öll hestamannafélög frá Hellsisheiði að Lómagnúp hafa undirritað viljayfirlýsingu um að mótið skuli haldið á Hellsu.

Til stóð að halda Landsmót 2020 á Rangárbökkum en því varð að aflýsa vegna COVID-19. Búið var að leggja töluvert fjármagn í undirbúning Landsmóts sem ekki varð og nýtist það ekki nema að litlu leyti við undirbúning Landsmóts 2022. Undirbúningur fyrir Landsmót 2022 er nú að fara á fullt skrið og óskar stjórn Rangárbakka eftir fimmhundruð þúsund króna styrk frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi

í byrjun árs 2022 til þess að geta sett kraft í undirbúning og til þess að geta haldið Landsmót á Hellsu sem mikill sómi verður af.

Styrkurinn er viðburðinum gríðarlega mikilvægur þar sem Rangárbakkar ehf standa ekki vel fjárhagslega eftir að þurfa að aflýsa viðburðinum sem átti að halda 2020.

Við erum reiðubúin til þess að koma á fund sveitarfélagsins og kynna fyrirkomulag viðburðarins, við ætlum að halda viðburð sem við öll getum verið stolt af og verður lengi í minnum hafður.

Með fyrirfram þökk,

f.h. Stjórnar Rangárbakka ehf

Kristinn Guðnason